



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Fimmtudaginn 30. maí 2013, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mætt: Vilhelm Harðarson, Svenny H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgjar Sigurðarson, Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi og Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Mál til umfjöllunar skipulagsnefndar:

a) Afgreiðsla skipulagsbreytinga á svæði 08

Fyrir fundinum lágu bréf sveitarstjóra dags. 18. mars þar sem óskað er eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á að skilgreining á landnotkun á svæði sem lóð undir dælustöð hitaveitu kemur á verði breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í iðnaðarsvæði (I7). Einnig lá fyrir bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. mars þar sem Skipulagsstofnun tekur jákvætt í fyrrgreinda breytingu með fyrirvörum um framlagningu auglýsinga og samþykki sveitarstjórnar með nánari skýringum. Þá lá fyrir fundinum bréf sveitarstjóra til Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl þar sem nánari skýringar eru gefnar og að lokum bréf Skipulagsstofnunar dags. 17. apríl þar sem tilkynnt er um staðfestingu á breytingunum og að uppdráttur verði sendur í auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Fram kom að fyrirhuguð bygging dælustöðvar á lóðinni hafi verið send í grenndarkynningu til húseigenda við Sólarveg og Sunnuveg. Engar athugasemdir bárust og því ekkert því til fyrirstöðu að bygging dælustöðvarinnar verði heimiluð skv. þeim uppdráttum sem hafi verið lagðar fram. Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemdir við feril málsins eða samþykki byggingarfulltrúa á húsbyggingunni skv. fyrirliggjandi gögnum.

b) Staðfesting lóðamarka kirkjugarðs.

Fyrir fundinum lá tillaga IGS um lóðamörk kirkjugarðs í landi Spákonufells. Samkvæmt tillögunni er lóð kirkjugarðsins miðuð við núverandi afmörkun garðsins ásamt bílastæði að undanskildu suðvestur horni lóðarinnar sem ekki er afmarkað með girðingu. Fyrri lóðamörk sem samþykkt voru fyrir Litla Fell eru í samræmi við fyrirliggjandi lóð garðsins. Skipulagsnefnd staðfesti lóðamörk kirkjugarðsins.

2. Erindi til kynningar frá byggingarfulltrúa.

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar eftirfarandi mál sem hann hefur afgreitt:

- a) Sólarvegur 23 byggingarleyfi dælustöðvar. Eins og fram kom undir dagskrárlið 1 hefur byggingarfulltrúi nú þegar veitt byggingarleyfi fyrir dælustöð á lóðinni.
- b) Ægisgrund 3, byggingarleyfi
Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir þeim breytingum sem sótt hefur verið um vegna endurbóta á eigninni, stækkun á bílgeymslu sem jafnframt er tengibygging í íbúðarhús.
- c) Einbúastígur 8 landnr. 145686. Oliubirgðageymir, matshluti 02 felldur úr þjóðskrá, landnúmer lóðarinnar varðveitt. Fram kom geymirinn hafi verið rifinn fyrir nokkrum árum og að landnúmer hafi verið varðveitt með það í



huga að færa fólkvang á Spákonufellshöfða inn í þjóðskrá ef áhugi væri fyrir slíkri skráningu.

- d) Lóðaleigusamningur við Oliudreifingu um lóðina Spákonufellshöfða, landnr. 145707. Fram kom að samningurinn hefur verið afmáður úr veðmálabókum og þar með er Sveitarfélagið Skagaströnd skráður umráðandi lóðarinnar. Landnúmer geymt af sömu ástæðu og í c) – lið.
- e) Ás – glugga- og útlitsbreyting. Byggingarfulltrúi hefur samþykkt útlitsbreytingar samkvæmt framlögðum uppdráttum.
- f) Ræktunarland 13, landnr. 145728 matshluti 01, fjárhús sem stóðu á landinu voru felld úr fasteignaskrá Þjóðskrár.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemdir við framangreindar afgreiðslur.

3. Önnur mál

Ari Jón vakti máls á að gatan vestan Einbúa sé of þröng og mælist rétt um 5,5 m. Nefndin tók undir að breikka þurfi götuna til að draga úr slysaættu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16³⁵

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson,

Bragi Þór Haraldsson,

Hafsteinn Pálsson